

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um hjúkrunarheimili, dvalarkostnað o.fl.

Frá Ernu Indriðadóttur.

1. Hversu háar upphæðir borgar fólk að meðaltali á mánuði úr eigin vasa fyrir dvöl á hjúkrunarheimili?
2. Hverjar eru hámarksgreiðslur einstaklinga á mánuði fyrir dvöl á hjúkrunarheimili?
3. Hversu hátt hlutfall starfsfólks á hjúkrunarheimilum er af erlendum uppruna?
4. Hversu löng bið er að meðaltali eftir plássi á hjúkrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og á landsbyggðinni hins vegar? Hversu löng er biðin að meðaltali á landinu öllu?
5. Hversu margir 67 ára og eldri fá fulla vasapeninga frá ríkinu og hversu margir fá skerta vasapeninga?

Skriflegt svar óskast.